



Fjallabyggð
Gránugötu 24
580 Siglufirði

Akureyri, 11. september 2020
Tilvísun: 2017070044
MB/
Tilv. ykkar:

Efni: Ósk um breytingar á framkvæmdum við Skarðsveg

Vegagerðin hefur að ósk Leyningsáass, sjálfeignarstofnunar skíðasvæðisins á Siglufirði, gert breytingar á hönnun efsta hluta Skarðsvegar og bílaplans við enda vegar. Breytingin felur í sér hækkun um 5 metra frá upphaflegri áætlun. Við hækkunina eykst efnisþörf verksins um 28.000 m³.

Aukaefni er ekki á svæðinu í þeim efnistöðum sem eru í notkun. Vegagerðin leggur til að opnuð verði náma við enda bílastæðisins, sjá meðfylgjandi grunnmynd. Náman yrði um 10.000 m² að flatarmáli og er áætlað að með þessu fáiast það efni sem upp á vantar. Gert er ráð fyrir að ónothæft efni sem liggur ofan á klöppinni verði notað í frágang námunnar. Náman er ekki á aðalskipulagi Fjallabyggðar. Annar möguleiki er að sækja efni til Ólafsfjarðar sem hefur í för með sér tugmilljóna auka kostnað.

Vegagerðin óskar eftir leyfi fyrir breytingum á framkvæmd miðað við ofangreindar forsendur og meðfylgjandi mynd. Óskin er með fyrirvara um aukið fjármagn fáiast til verksins.

Fylgiskjal: Yfirlitsmynd af námusvæði

Virðingarfyllst,

Magnús Björnsson
Verkefnastjóri
Tæknideild, Norðursvæði